

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2012

2012/EES/50/09**frá 30. apríl 2012**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/91/ESB frá 13. desember 2011 um tilgreiningar og merkingar sem auðkenna framleiðslulotur matvæla (kerfisbálkun) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/91/ESB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 89/396/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 49. liðar (tilskipun ráðsins 89/396/EBE) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 62. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 931/2011):
„63. **32011 L 0091**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/91/ESB frá 13. desember 2011 um tilgreiningar og merkingar sem auðkenna framleiðslulotur matvæla (kerfisbálkun) (Stjtið. ESB L 334, 16.12.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/91/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 334, 16.12.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.